

Athyglisvert mat innanbúðarmanna eyjunnar.is í Samfylkingunni

Eftir Styrmi Gunnarsson

Vefmiðillinn eyjan.is hefur meiri tengsl við Samfylkinguna en aðrir fjölmiðlar og þess vegna ástæða til að veita eftirtekt umfjöllun hennar um þann flokk. Sl. mánudag sagði m.a. í dálki á eyjunni, sem nefnist Orð götunnar:

"Orðið á götunni er að heldur holur hljómur sé í þeim málflutningi Jóhönnu Sigurðardóttur, forsætisráðherra í tilefni Icesave-dómsins að nú sé ekki rétti tíminn til að leita sökudólga, heldur eigi þjóðin að fagna í sameiningu glæsilegri niðurstöðu og því að þetta mál sé þar með úr sögunni..."

...Í forsætisráðherratið Jóhönnu Sigurðardóttur var í fyrsta sinn efnt til sakamálaréttarhalda fyrir Landsdómi yfir fyrrverandi forsætisráðherra vegna embættisfærslu hans. Í forsætisráðherratið hennar hefur áherzla verið lögð á skipan rannsóknarnefnda; sérstakur saksóknari hefur hlotið sérstaka hvatningu hennar til að gera upp hrunið og orsakir þess; skúrað skuli í öll horn og velt við hverjum steini. Allt eigi að þola skoðun, allir verði að axla sína ábyrgð.

En svo þegar í ljós kemur, sem ýmsir höfðu reyndar haldið fram, að Íslendingar hefðu haft alþjóðalög sín megin í Icesave-málum, kemur forsætisráðherrann, sem ítrekað hefur reynt að knýja fram óhagstæða samninga við Breta og Hollendinga, fram og segir að nú sé ekki rétti tíminn til að leita sökudólga.

Orðið á götunni er að jafnvel innan stjórnarflokkanna sé vaxandi stuðningur við það að allar embættisfærslur þeirra Jóhönnu Sigurðardóttur og Steingríms J. Sigfússonar í Icesave-málinu verði teknar til vandlegrar skoðunar. Jafnvel rannsóknar..."

Svo mörg voru þau orð innanbúðarmana Eyjunnar í Samfylkingunni!